



B 341/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

## Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um aðlögunarmál

### Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hrint verði í framkvæmd samstarfsáætlun um aðlögunarmál 2022–2024 eins og greint er frá í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

### Forsendur

Árið 2016 ákváðu samstarfsráðherrarnir í Norrænu ráðherranefndinni að koma á fót norrænni samstarfsáætlun til þriggja ára (2016-2018) um aðlögun flóttafólks og innflytjenda vegna mikils fjölda flóttafólks sem kom til Norðurlanda 2015. Samstarfsráðherrarnir, MR-SAM, samþykktu árið 2018 að halda áætluninni áfram í þrjú ár eða til ársloka 2021. Árið 2020 var ákveðið að framlengja áætlunina um þrjú ár til viðbótar þar eð enn væri þörf á að þróa þekkingu og aðferðir sem stuðluðu að aðlögun nýrra íbúa á Norðurlöndum. Sú áætlun sem hér liggur fyrir gildir fyrir tímabilið 2022-2024.

Aðlögunarmál eru umfangsmikill málaflokkur og varðar meðal annars eftirfarandi samstarfssvið: Félags- og heilbrigðismál, jafnréttismál, málefni barna og ungs fólks, menntamál og vinnumál. Þá er tækifæri til að ná til breiðs hóps vegna þess að aðlögunarmál eru vítt svið sem varðar marga markhópa, þar á meðal ráðuneyti, yfirvöld, rannsóknastofnanir, sveitarfélög og borgarasamfélög. Fyrir vikið er um að ræða mikið þekkingar- og starfssvið sem á erindi á öllum Norðurlöndum.

Í mati á aðgerðum undanfarinna ára sem gert var 2020/2021 er bent á að skerpa þurfi á áherslum áætlunarinnar og markhópum hennar. Á þann hátt verði best hægt að vinna það viðamikla verk sem bíður á sviði aðlögunar á Norðurlöndum en einnig að tryggja mikilvægi áætlunarinnar hjá völdum markhópum. Á gildistíma áætlunarinnar 2022–2024 verður megináhersla lögð á viðfangsefni og lausnir tengdar **menntun og vinnumarkaði**.

Samstarfsáætlunin hefur verið til umsagnar í velferðarnefnd, þekkingar- og menningarnefnd og hagvaxtar- og þróunarnefnd Norðurlandaráðs.



### Sjónarmið nefndarinnar

Meirihluti norrænu velferðarnefndarinnar tekur jákvæða afstöðu til samstarfs-áætlunarinnar um aðlögunarmál. Nefndin bendir meðal annars á mikilvægi málskilnings fyrir aðlögun og undirstrikar að heildræn sýn á manneskjuna, praktískt tungumálanám og það að tileinka sér fagmál á vinnustað skipti sköpum um hvort aðlögun tekst.

Fulltrúar Norræns frelsis láta í ljósi efasemdir um sameiginlega stefnuáætlun í aðlögunarmálum því forsenda fyrir henni sé að löndin fylgi sameiginlegri stefna í málefnum innflytjenda. Löndin hafa ólíka stefnu og taka á þessum málaflokki með mismunandi hætti. Norrænt frelsi telur einnig vanta umfjöllun í áætlunina um glæpi, útskúfun (jaðarsetningu), málskilning og að tekin sé afstaða til þess hvort halda eigi aðflutningi fólks áfram.

Meirihluti þekkingar- og menningarnefndar tekur undir greiningu samstarfs-áætlunarinnar um aðlögunarmál og telur að menntun, málakunnátta og atvinnu-tækifæri ráði úrslitum um hvort aðlögunaraðgerðir skili árangri.

Fulltrúar Norræns frelsis í nefndinni taka fram að einstaklingurinn sjálfur sé einnig ábyrgður.

Meirihluti hagvaxtar- og þróunarnefndar gerir engar athugasemdir við samstarfs-áætlunina.

Fulltrúar Norræns frelsis í nefndinni gera fyrirvara við ákvörðunina um að hrinda samstarfsáætluninni í framkvæmd og vísa til þess að aðlögun flóttafólks sé ekki verkefni Norðurlandaráðs því hún sé ekki kjarni norrænnar samvinnu. Norrænt frelsi tekur undir mat Norrænu ráðherranefndarinnar þess efnis að menntun og atvinna sé tvær meginforsendur þess að aðlögun takist. Brynt sé að tryggja stafræna færni og málskilning innflytjenda, svo og að banna mismunun, vinna að jafnrétti en gegn „heiðursmenningu“. Norrænu frelsi þykir ekki tekið nægilega skýrt fram að innflytjendurnir sjálfir beri einnig ábyrgð. Aðlögun verði ekki eingöngu náð með stefnu í félags- og menntamálum heldur sé hún einnig undir því komin að einstaklingurinn sjálfur axli ábyrgð og aðlagist nýja landinu. Réttindum fylgi einnig skyldur. Að mati Norræns frelsis ættu þessi atriði að koma skýrar fram í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta eigi einnig við um ábyrgðina á að læra tungu-málið, framfleyta sér o.fl.

Meirihluti allra nefndanna sem veittu umsögn, norrænu velferðarnefndarinnar, norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar og norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar, styður drög Norrænu ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun um aðlögunarmál 2022-2024 og mælir með því að áætluninni verði hrint í framkvæmd.

Norðurlöndum, 7. febrúar 2022



*Eva Lindh (S)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Maria Stenberg (S)*  
*Truls Vasvik (A)*  
*Abbas Razvi (RV)*  
*Jenni Pitko (grænum)*  
*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*  
*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*  
*Atte Kaleva (saml)*  
*Wille Valve (MSÅ)*  
*Tobias Drevland Lund (Rødt)*  
*Kathy Lie (SV)*

### **Fyrirvari**

Norrænt frelsi gerir fyrirvara við ályktunina.

Norrænt frelsi vill því að Norræna ráðherranefndin hrindi samstarfsáætluninni um aðlögunarmál 2022-2024 ekki í framkvæmd.

7. febrúar 2022

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Cassandra Sundin (SD)*